

Ed.

504. Breytingartillögur

við frv. til laga um leiðbeiningar fyrir konur um varnir gegn því að verða barnshafandi og um fóstureyðingar.

Frá Guðrúnu Lárusdóttur.

1. Við 1. gr. Á eftir orðunum „Nú leitar“ i upphafi 2. málsg. kemur: sjúk eða veikluð.
2. Við 2. gr. Orðin „eða þó að um minni . . . iðulega barnshafandi“ falli burt.
3. Við 9. gr.
 - a. Orðin „svo og til þess“ i síðustu málsg. falli burt.
 - b. Niðurlag greinarinnar („ef konan . . . á heimilinu“) verður upphaf nýrrar málsg. og þar við bætist: er lækni skylt að tilkynna það viðkomandi fátækrastrjórn, sem tafarlaust taki umkvörtun hans til greina og bæti kjör konunnar á viðeigandi hátt. Styrkur, sem þannig er veittur konu, skal eigi talinn fátækrastryrkur henni til handa.
4. Við 10. gr. Á eftir orðunum „tveggja lækna“ i 2. tölul. kemur: og umsögn lögskipaðrar ljósmóður.